Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 12. ágúst 2026

2608001HA BG
Málalykill: 30.22

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Loftslags- og orkusjóð – Mál nr. S-106/2026

Hafnasamband Íslands fagnar þeim mikilvægu breytingum sem lagðar eru til í 1. mgr. 8. gr. draganna að nýrri reglugerð um Loftslags- og orkusjóð, þar sem sveitarfélögum er veittur almennur umsóknarréttur í sjóðinn, auk þess sem almennt hámarksstyrkhlutfall er hækkað í 50%. Þessar breytingar eru mikilvægt skref til að flýta fyrir orkuskiptum í höfnum og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hafnasambandið gerir hins vegar athugasemd við orðalag a-liðar 4. mgr. 8. gr. reglugerðardraganna, þar sem kveðið er á um að verkefni sem falla undir „lögbundin hlutverk ... sveitarfélaga“ séu ekki styrkhæf. Þetta orðalag er óskýrt og getur skapað réttaróvissu um styrkhæfi orkuskiptaverkefna í höfnum.

I. MIKILVÆGI ORKUSKIPTA Í HÖFNUM OG LOFTSLAGSMARKMIÐ STJÓRNVALDA

Hafnir eru lykilinnviðir í samgöngukerfi landsins og gegna grundvallarhlutverki í því að Ísland nái lögbundnum loftslagsmarkmiðum sínum og skuldbindingum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þegar skip liggja við bryggju knýja þau áfram vélar með brennslu jarðefnaeldsneytis, sem veldur umtalsverðri losun, svifryksmengun og hávaða í nærumhverfi hafna. Uppbygging landtenginga, sem gerir skipum kleift að nýta hreina, innlenda raforku í stað olíu á meðan þau liggja við viðlegumannvirki, er einhver áhrifaríkasta og mælanlegasta einstaka aðgerðin til að draga tafarlaust úr útblæstri frá skipaflotanum. Slíkar innviðafjárfestingar eru hins vegar gríðarlega kostnaðarsamar, tæknilega flóknar og bera langan afskriftatíma. Án mögulegs stuðnings og samstarfs við opinbera sjóði eins og Loftslags- og orkusjóð er mörgum höfnum sveitarfélaga ókleift að standa einar undir þessum dýru fjárfestingum, sem eru í senn samfélagslega nauðsynlegar en bera takmarkaða beina viðskiptalega arðsemi. Styrkir til hafna til orkuskipta munu sannarlega skila samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Hafnasambandið vill einnig vekja athygli á því að innan ESB er markviss stuðningur við innviðauppbyggingu landtenginga með 50% stuðningsframlagi og Noregur hefur sett á laggirnar sambærilegan sérstakan sjóð sem stuðningi til norskra hafna. Ísland sker sig úr meðal evrópskra hafnarþjóða að því leyti að ekki hefur verið komið á sambærilegu, almennu stuðningskerfi vegna uppbyggingar landtenginga í höfnum.

Þá má benda á að Hafnasambandið hefur, m.a. í umsögn um tillögu að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2026 - 2030, vakið athygli á því að orkuskipti skipa krefjast verulegra fjárfestinga í hafnainnviðum, m.a. landtengingu. Hafnasambandið lagði til að samgönguáætlun ætti að tryggja öllum höfnum aðgang að fjármagni/styrkjum til orkuskipta. Einnig að skoða þurfi betur samspil milli mismunandi áætlana um orkuskipti og uppbyggingu raforkukerfisins.

Mikilvægt er að:
- Tryggja öllum höfnum aðgengi að fjármagni til orkuskipta
- Setja forgang orkuskipti sem tengjast ferjusamgöngum, lykilflutningum og viðbúnaði.
- Skoða samspil uppbyggingu raforkukerfisins og áætlana um orkuskipti skipaflotans.

II. SKÝR GREINARMUNUR Á LÖGSKYLDUM OG LÖGHEIMILUM VERKEFNUM SVEITARFÉLAGA

Í yfirliti innviðaráðuneytisins yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga er gerður skýr greinarmunur á tveimur flokkum lögmæltra verkefna:

1. *Lögskyld verkefni (skylduverkefni):* Verkefni sem sveitarfélögum er skylt að veita og reka samkvæmt lögum (t.d. félagsþjónusta, barnavernd og grunnskólar), sbr. 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 2.
2. *Lögheimil verkefni (valkvæð verkefni):* Verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að starfrækja samkvæmt lögum en þeim ber engin skylda til þess. Hafnarekstur og hafnargerð eru samkvæmt þessari flokkun lögheimil verkefni en ekki lögskyld.

Hafnalög nr. 61/2003 setja ramma utan um hafnastarfsemi, en ekkert sveitarfélag er skyldugt til að starfrækja höfn. Það er því valkvætt og frjálst verkefni í skilningi 2. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fjárfestingar í orkuskiptainnviðum, s.s. landtengingum skipa, eru dæmi um slík frjáls og valkvæð verkefni sem hafnarsjóðir í B-hluta ráðast í á eigin ábyrgð og fjármagna sjálfir með þjónustugjöldum, sbr. 1. mgr. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Staðfest hefur verið í dómi Landsréttar nr. 746/2021 að hafnasjóðir í B-hluta séu sjálfstæðir lögaðilar og fjárhagur þeirra sé aðskilinn frá aðalsjóði sveitarfélagsins. Ef hugtakið „lögbundin hlutverk“ er notað óbreytt í reglugerðinni, er óljóst hvort hér sé átt við eingöngu lögskyld verkefni eða einnig lögheimil verkefni sbr. hafnarekstur sem almennt er þó ávallt rekið sem B-hluta fyrirtæki.

Til að tryggja að Loftslags- og orkusjóður nýtist til að styðja við nauðsynleg orkuskipti í höfnum og í samræmi við flokkun innviðaráðuneytisins á verkefnum sveitarfélaga, er eðlilegra og réttara að útiloka eingöngu lögskyld verkefni A-

hluta sveitarfélaga en nota ekki hið víðtæka og óljósa hugtak „lögbundin hlutverk“.

III. BREYTINGARTILLÖGUR

Hafnasamband Íslands leggur til að a-lið 4. mgr. 8. gr. reglugerðardraganna verði breytt til samræmis við þetta:

Ákvæði reglugerðardraga	**Breytingartillaga Hafnasambands Íslands (breytingar skáletraðar)**
8. gr. 4. mgr. a-liður „Verkefni sem eru á fjárlögum eða falla undir sérstaka samninga eða falla undir lögbundin hlutverk A-hluta stofnana eða sveitarfélaga.“	„Verkefni sem eru á fjárlögum eða falla undir sérstaka samninga eða falla undir *lögskyld hlutverk* A-hluta stofnana eða *lögskyld verkefni* sveitarfélaga. *Lögheimil og frjáls verkefni á vegum B-hluta fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga, þ.m.t. hafnarsjóða, svo sem uppbygging landtenginga eða annarra orkuskiptainnviða í höfnum, falla ekki hér undir og eru styrkhæf.*“

Jafnframt er lagt til að bætt verði við nýjum staflið í 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar sem skilgreinir orkuskipti í höfnum sérstaklega sem áhersluverkefni sjóðsins:
„g. sem stuðla að orkuskiptum í höfnum og samgöngum á sjó, þ.m.t. með uppbyggingu landtenginga skipa.“

IV. AÐ LOKUM

Orkuskiptaverkefni í höfnum eru dæmigerð verkefni sem fela í sér háan stofnkostnað, langan endurgreiðslutíma og verulega samfélagslega ábata og falla því vel að markmiðum sjóðsins um að hraða loftslagsaðgerðum. Með því að laga texta reglugerðarinnar að opinberri flokkun innviðaráðuneytisins og takmarka útilokunina við lögskyld verkefni A-hluta sveitarfélaga, er öllum vafa eytt um styrkhæfi orkuskipta í höfnum. Þetta mun gera höfnum kleift að nýta sjóðinn til að hrinda stórum umhverfisverkefnum í framkvæmd og styðja beint við loftslagsmarkmið stjórnvalda.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Lúðvík Geirsson
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands